

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Ljósavatsnshrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. september 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

María Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjald af eldsneyti.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Greiða skal 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 19. september 2000.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Halldór Þorkelsson.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskráarliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald
Fastagjald F1

5,99 kr/kWh
3.563,00 kr/ári